



Andrésar-Andar leikarnir fara nú fram í Hlíðarfjalli og tekur mikill fjöldi barna viðs vegar að af landinu þátt í þeim. Þessi mynd var tekin við setningarathöfnina. (Vísism. GS Akureyri).

Aflamet slegið á Neskaupstað

Togarinn Birtingur frá Neskaupstað sló aflamet á þriðjudag, er hann kom að landi með 170 tonn eftir þriggja sólarhringa og sjö klukkustunda útiveru. Birtingur var 1 sólarhring og 18 tíma að veiðum og létur nærri að

aflaverðmætið sé um 470 þúsund krónur eða 47 milljónir gkróna. Aflinn var þorskur af millistærð, en einnig var nokkuð um stærri þorska í aflanum.

Mikil veiði hefur verið að undanfögnu og kom Barðinn að

landi á Þáskadag með 200 tonn eftir fjögurra sólarhringa útiveru, en veiðarnar fara fram úti í svokölluðum Hvalbakkanti.

Sólskin hefur verið á Neskaupstað dag eftir dag og mikið um útiveru íbúanna. Fr. Þorl. Nesk.

ROKSALA HJÁ EIRÍKI SMITH


„Þetta er bara eins og á útsölu,” varð einum gesta að orði, er viðstaddur var opnun málverkasýningar Eiríks Smith á sumardaginn fyrsta. Og skyldi engan undra, því um kvöldmatarleytið hafði Eiríkur selt hvorki meira né minna en 66 myndir af sýningunni.

„Ég hef aldrei orðið var við það á fyrri sýningum, eins og nú, að síðustu viku hefur ekki linnt simhringum frá fólki, sem hafði hug á að sjá sýninguna áður en hún væri opnuð almenningi.”

sagði Eiríkur Smith, í samtali við Vísir, „þetta fólk hringdi ýmist sem fulltrúar einhverra stofnana eða sem einstaklingar.”

A sýningu Eiríks eru 114 myndir, þar af voru 20 myndir, eins konar þjóðsagnasýrpa, seldar áður, en þær gerði Eiríkur fyrir bókaútgáfu Olivers Steins í Hafnarfirði.

Allan daginn var troðfullt útúr dyrum í Kjarvalsall Kjarvalstaða og meðal þeirra, sem festu kaup á myndum voru Landsbankinn, Útvegsbankinn og Alþýðu-



Eiríkur Smith listmálari

bankinn, en sá síðastnefndi ætlað að færa Listasafni Alþýðu verkið. Þá festi sjúkrahús Akraness kaup á einni mynd, en flestar hinna munu hafa farið til einstaklinga. —KÞ.

VÍSISBÍÓ

Strandlíf, heitir létt mynd sem sýnd verður í Vísisbíó kl. 13 á morgun í Regbogunum. Myndin er í lítum með íslenskum texta.

Skemmtilegasta barnamyndin: Skilafrestur að renna út

Nú fer hver að verða síðastur að skila inn atkvæðaseðlinum um skemmtilegustu barnamynd ársins, en frestur til að skila inn

rennur út næstkomandi þriðjudag, og er fólk beðið að skila seðlinum á ritstjórn Vísis Síðumúla 14.

Keppninni var hleypt af stokkunum í febrúarbyrjun og var þátttaka geysigöð, en eins og kunnugt er, eru það Vísir, Hans Petersen hf og Ljósmýndarafélag Íslands, sem að keppninni standa.

Leiðrétting á fóstrufrétt

Í frétt Vísis um launamál föstra í gær var missagt að fóstrur í Reykjavík væru í 12. launaflokki. Þær eru í 11. launaflokki. Þá var einnig rangt farið með launaflokka föstra í Kópavogi, en þær eru í 12. launaflokki og hækka í 13.

flokk eftir þriggja ára starf. Þá er rétt að geta þess, að fóstrur á Akureyri byrja í 12. launaflokki og hækka síðan eftir eitt ár upp í 13. flokk og upp í 14. flokk eftir nokkurra ára starf.

„KONA” FER AUSTUR FYRIR FJALL

Sýningum Alþýðuleikhússins á Kona eftir þau Dario Fo og Franca Rame í Reykjavík fer nú að fækka. Síðasta sýning að sinni er í kvöld, laugardag, kl. 20.30 og eftir helgina leggur leikhópurinn leið sína austur fyrir fjall. Kona verður sýnd í Arnesi þ. 28. apríl, í Hveragerði þ. 29. og á Hvolsvelli þ. 30. apríl.

Leikritið fékk mjög góða dóma og leikkonunum hrósað mikið, ekki síst Guðrúnu Gísladóttur. Auk hennar leika þær Sólveik Hauksdóttir og Edda Hólm, en leikstjóri er Guðrún Asmundsdóttir. Allsendis óvíst er um fleiri sýningar í höfuðborginni á þessu leikriti.

Frönsk kvikmyndavika hefst í dag:

„TEK Á VANDAMÁLI SEM ER OFARLEGA Á BAUGI Í DAG”

— segir leikstjóri Ma chérie, sem sýnd verður við opnunina

Frönsk kvikmyndavika hefst í Regnboganum í dag. Sýndar verða sjö myndir, ólíkar að efni og gerð, sú elsta frá árinu 1973. Allur ágóði að hátíðinni rennur til Rauða Kross Íslands.

Kvikmyndavikan hefst með sýningu myndarinnar Ma chérie eða Elskan mín eftir franska leikstjórnann Charlotte Dubreuil og er hún stödd hér á landi vegna þessa „Ég skrifaði Ma chérie með hjálp dóttur minnar, sagði Dubreuil, í samtali við Vísir, „enda fjallar myndin um samskipti móður og dóttur, þó vil ég taka fram að þetta er ekki ævisaga okkar mæðganna, en þau mannlegu tengsl, sem þarna koma fram og þær tilfinningar, eru samt sem áður okkar.”

Dubreuil sagði, að hún hefði gert þessa mynd 1979 og hefði hún verið sýnd í París í fyrra og fengið góðar viðtökur, meðal annars hefði hún fengið viðurkenningu á kvikmyndahátíðinni í Cannes á síðasta ári.

„Myndin hefur verið sýnd undanfarið í Bandaríkjunum,” sagði Dubreuil, „og hlotið þar verulega athygli og góða dóma, það kom mér reyndar á óvart, hversu jákvæðir allir dómar voru þar, en það er sennilega vegna þess, að efnið sem myndin fjallar um er mjög ofarlega á baugi þessa dagana. Í myndinni er tekið tillit til nútímans, konan er ekki lengur bara dóttir einhvers, eiginkona einhvers eða móðir einhvers, hún er einstaklingur, en hvað er hún? Hvað er konan miðað við umhverfi sitt, eiginmann sinn, barn sitt? Þessar spurningar og aðrar slíkar eru áleitnar í dag og þeim reyni ég að leita svara við, en hvort einhver niðurstaða fæst, skal ég ósagt látið.”

Dubreuil hefur um nokkurra ára skeið fengist við kvikmyndagerð, hefur hún gert tvær kvikmyndir í fullri lengd, eina sjónvarpskvikmynd og unnið að tveimur öðrum í samræði við fleiri leikstjóra. Auk þess vinnur hún að nýrri kvikmynd þessa dagana.

En það verða fleiri myndir á dagskrá kvikmyndahátíðarinnar. Gamanmyndin L'associe eða Meðeigandinn frá árinu 1979 eftir leikstjórnann Rene Grainville segir frá Julien, sem býr sér til ímyndaðan meðeiganda að fyrirtæki sínu. Meðeigandinn verður brátt of fyrirferðarmikill í lífi Julien og allt stefnir í voða.

Heimþrá eða Le coup de Sirocco og Beislið Le Mors aux Dents eru frá árinu 1979. Sú

fyrirnefnda, gerist í litilli kyrrlátri borg í Alsír, þar sem hin samhenta Narboni fjölskylda býr, þar til brottflutningurinn vegna sjálfstæðisbaráttu Alsír dynur yfir þau. Í kvikmyndum hefur verið greint frá byltingunni í Alsír hernum og lífi hermanna en nánast aldrei vikið að örlögum þeirra frakka, sem þarna voru búsettir og höfðu verið sumir hverjir mann fram af manni. Narboni fjölskyldan kemur til Frakklands, sem hún þekkir ekki og litur á næstum sem framandi land. Myndina gerði Alexandre Arcady.

Beislið gerði Laurent Heynemann og fjallar hún um, hvornig á að eyðileggja stjórnmalaman með því að veita honum tækifæri til að skipuleggja svindl, sem aftur er eyðilagt með skemmdarverkstarfsemi annars staðar frá. Í myndinni er blandað saman veðreidum og pólitísku ráðabriggi, sem fjallar um reikningsuppgjör innan valdamikils flokks.

Leynilögglumyndin Tveir menn eða Deux hommes dans la Ville er frá árinu 1973 og er leikstjóri José Giovanni. Þar er sagt frá Gino, sem eftir að hafa aflánað 10 ára fangelsisdóm, ákveður að hefja nýtt líf með stúlkunni Lucy. Með hjálp góðs vinar virðist lífið blasa við Gino, en allt fer þá á annan veg. Það er hinn frægi leikari frakka, Jean Gabin, sem þarna fer með aðalhlutverkið.

Eyðimörk tataranna, Le Désert des Tartares, er frá árinu 1979 og leikstjóri er Valerio Zurlini. Myndin er byggð á samnefndri sögu Dino Buzzati. Þetta er magnað verk sem tekstist hefur frábærlega vel að kvikmynda og segir myndin eins og skáldsagan frá afskekktu virki við landamæri einhvers óþekkt lands, sem setulið vakir yfir svo ekki verði ráðist á landið.

Horfin slóð, Le chemin perdu, er eftir Patricia Moraz og er frá árinu 1980. Hún fjallar um Cécile, sem er hugmyndaríkt barn, er flóktir milli tveggja heima, þess sem Léon Schwarz áfi hennar og eldheitar baráttumaður kommúnismans lifir í og þess sem sjálfseksir foreldrar hennar hrærast í. Auk þess er hún upptekin í eigin draumum, en þá kemur Angelo til sögunnar og hann fær hjarta hennar til að slá örur.

Kvikmyndavikan nú er sú sjötta í röðinni, sem Franska sendiráðið stendur fyrir á Íslandi. Með öllum myndunum eru enskir textar. —KÞ.



„Ma chérie er ekki sjálfævisaga mín.” Charlotte Dubreuil, fransk leikstjóri, á fundi með blaðamönnum. (Vísism. EÞS).

Kröfluvirkjun:

ÓVÆNT AFLAUKNING

Gufuafli Kröfluvirkjunar jókst um 1-1,5 megavatt í byrjun vikunnar öllum að óvörum og án þess að nokkrar ráðstafanir hefðu verið gerðar til að auka aflið. Framleiðir virkjunin nú 13 megavött.

Aukning hefur áður orðið með þessum hætti á gufuafli og þá um líkt leyti og ris hefur náð hámarki á umbrotasvæðunum í Mývatnsveit og gos hafist.

GS Akureyri.